

**Ed.**

**420. Breytingartillaga**

[113. mál]

við frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 28. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar hannað er húsnæði heimavistarskóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju eða öllu leyti, skal leita umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands um gerð hússins og innréttingu. Telji Ferðamálastofnunin, að væntanleg heimavistarbygging henti til starfrækslu sumarhótela, getur hún farið fram á, að byggingarteikningum sé breytt, svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega.